

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

15. janúar 2026
UOS2501569/S.H.J.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. desember 2025 – ID 118

Þann 9. desember sl. fór fram reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Ólafsvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar gagnaskil:

1. Rekstaraðila er bent á að senda eftirlitsaðila niðurstöður eftirlitsmælinga sem gerðar eru skv. gr. 4.2 í starfsleyfi þegar þær liggja fyrir.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar. Samkvæmt þeim gögnum Umhverfis- og orkustofnun hefur borist var olía í fráveituvatni síðast mæld árið 2019.
2. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Könnun á olíu fráveituvatni var gerð með strimli og samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila komu fram litabreytingar á strimlinum sem gefa til kynna að olía í fráveituvatni frá olíuskilju sé yfir 15 mg/kg.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits